



Dagný Þorbjörg Rafnsdóttir

Fædd 7. ágúst 1933

Dáin 2. júlí 2023

*Útför frá Egilsstaðakirkju
mánudaginn 10. júlí kl. 14:00*

*Prestur: sr. Sigríður Rún Tryggvadóttir
Hljóðfæraleikur: Hafþór Valur Guðjónsson
Söngur: Friðjón Jóhannsson, Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar,
Tinna Björk Guðjónssdóttir og Hafþór Valur Guðjónsson*

Forspil
Littu sérhvert sólarlag
Bragi Valdimar Skúlason

Signing og bæn

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær - og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !

Alt hið liðna er ljúft að geyma
- láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt !
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt.

Valgeir Guðjónsson - Jóhannes úr Kötlum

Ritningarlestur

Ó, þá náð að eiga Jesú
einkavin í hverri þraut!
Ó, þá heill að halla mega
höfði sínu' í Drottins skaut!
Ó, það slys því hnossi' að hafna,
hvílíkt fár á þinni braut,
ef þú blindur vilt ei varpa
von og sorg í Drottins skaut.

Éigir þú við böll að búa,
bíðir freistni, sorg og þraut,
óttast ekki, bænin ber oss
beina leið í Drottins skaut.
Hver á betri hjálp í nauðum?
Hver á slíkan vin á braut,
hjärtans vin, sem hjartað þekkir?
Höllum oss í Drottins skaut.

Éf vér berum harm í hjarta,
hryggilega dauðans þraut,
þá hvað helst er Herrann Jesús
hjärtans fró og líknar skaut.
Vilji bregðast vinir þínir,
verðirðu' einn á kaldri braut,
flýtt þér þá að halla' og hneigja
höfuð þeytt í Drottins skaut.

Ritningarlestur

Í bljúgri bæn og þökk til þín
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt sem miður fer
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ drottinn minn.

Farrar - Welch - Pétur Þórarinnsson

Guðspjall

Nú kemur voríð sunnan að
og sólin bræðir ís,
við sendna strönd í fjarðarbotni
lítil alda rís,
og hvíslar: „það er langt síðan ég
lagði af stað til þín.
Nú loks ég finn að komin er ég
komin heim til mín“.

Ílfr draumi frá í vetur enn ég
þekki þessa strönd.
nei þannig fengu ei heillað
suðræn ævintýralönd.

Ö strönd míns lands, mig dreymdi að ég
deyja ætti hér.
Minn draumur rætist því nú hníg ég
ein að brjósti þér.

Birni Dam - Sigurður Óskar Pálsson

Minningarorð

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

Miskunnarbænir og faðir vor

1 Í langur dagur að kvöldi kominn er
kærar minningar ylja okkur hér.
Okkur kenndir það lífsins leyndarmál
að lífsgleðin er sótt í eigin sál.

2 Þá stóru brimskafli og boðaföll
sem buldu á, þú tókst á við þau öll.
Á æviskeiðinu lagðir mörgum lið
nú loks þú hvílist, öðlast ró og frið.

3 Þitt Sólarlag, svo er komin nótt
Þitt Sólarlag, þú hvílir vært og rótt
Þitt Sumarland, bjart nú bíður þín
Þitt Sumarland, bæna þinna sýn.

4 Jenn vaknar þú á björtum betri stað
sem bíður þín, þú sagðir okkur það.
Þar læknað allt sem áður þjáði þig
þú ert komin á nýtt tilverustíg.

5 Lið söknum þín en vitum það víst öll
að vegurinn í þína draumahöll
liggur beinn, þar brosir allt þér við
brátt þar finnur vini þér við hlið.

6 Þitt Sólarlag, svo rís sólín hlý
Þitt Sólarlag, við tekur veröld ný
Þitt Sumarland, sem að þráðir þú
Þitt Sumarland, sem þig faðmar nú.

Jón Ingi Arngrímsson



Moldun

Íú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil svo ég sofi rótt.

Foerson - Matthías Jochumsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín svo blundi rótt.

Crossing - Matthías Jochumsson

Blessun

Eftirspil

Jón Pétursson

Ríó Tríó

*Fjölskylda Dagnýjar þakkar auðsýnda samúð og bjóður viðstöddum
að þiggja veitingar í Oddfellowsalnum, Fagradalsbraut 25, að útför lokinni.*